

Reykjavík, 11. maí 2026

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031, 577. mál.


Í fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031 kemur skýrt fram að megináhersla stjórnvalda sé á hallalaus ríkisfjármál og að skuldahlutfall ríkisins lækki á tímabili áætlunarinnar. BSRB vill í þessu samhengi benda á að margir af útgjaldaliðum ríkissjóðs hafi sætt aðhaldi um árabíl og varar við að dregið sé úr almannapjónustu til að ná markmiðinu um hallalaus fjárlög. Þjóðin eldist og íbúasamsetning er breytt og þjónustupörf hefur því aukist. Áhersla stjórnvalda ætti því að vera á að veita öflugri almannapjónustu. Á sama tíma er mikilvægt að rekstur ríkissjóðs sé sjálfbær og fjármál ríkisins ýti ekki undir þenslu í hagkerfinu. BSRB leggur áherslu á að tekjuöflun verði aukin til að ná niður hallarekstri frekar enn að einblína á áframhaldandi niðurskurð sem grefur undan velferðarsamfélaginu.

Ríkisstjórnin einblínir á að niðurskurður í opinberum rekstri sé nauðsynlegur til að draga úr verðbólgu. BSRB telur ríkisstjórnina á rangri leið. Lausnin á halla ríkisins felst ekki í því að draga úr samtryggingu velferðarsamfélagsins með niðurskurði heldur með því að fullfjármagna nauðsynleg útgjöld og afla tekna til að greiða niður skuldir og styrkja almannapjónustuna. Þannig er hægt að ná niður hallarekstri og stuðla að verðmætasköpun til framtíðar. Ríkisstjórnin verður að bregðast við hinum stóru áhrifavöldum verðbólgunnar. Efla þarf aðhald og styrkja samkeppniseftirlit gagnvart fyrirtækjum á fákeppnismarkaði (matvæla-, fjármála- og olúfyrirtækja), horfast þarf í augu við að veiking tekjustofna hins opinbera hefur valdið innviðaskuld sem leiðir af sér aukna gjaldtöku sem skilar sér í auknum verðbólguþrýstingi. Þá þarf að setja meiri kraft í lausnir á húsnæðismarkaði en húsnæði hefur verið helsti drifkraftur verðbólgunnar um árabíl.

Markmiðinu um hallalaus ríkisfjármál á að mestu að ná með samdrætti á gjaldahlið. Í áherslukafla fjármálaáætlunar er talað um að aga og festu verði beitt við stjórn ríkisfjármála og að haldið verði fast við áætlanir um hagræðingu og gengið verði enn lengra en gert var í síðustu fjármálaáætlun. Með aðahaldsaðgerðunum er ætlað að ríkisútgjöld lækki sem hlutfall af VLF á tímabilinu og fari úr því að nema 30,7% af VLF á þessu ári í 29,5% af VLF árið 2031. Raungerist áætlunin verða útgjöld mjög lág í sögulegu samhengi á sama tíma og margar stofnanir hafa sætt aðhaldi í rekstri til lengri tíma og þjónustupörf er að aukast vegna breyttrar samsetningu þjóðarinnar. BSRB mótmælir ríkri

aðhaldskröfu í fjármálaáætlun sem bitnar ekki síst á barnafjölskyldum, húsnæðisöryggi lágtekjufólks og atvinnulausum og eru þessir hópar látnir axla ábyrgð á halla ríkissjóðs. Hallinn er að mestu tilkominn vegna skuldaföfnunar á tímum heimsfaraldursins, jarðhræringa á Reykjanesskaga og uppgjörins á ÍL-sjóði árið 2025. BSRB hafnar því að þessar skuldir verði greiddar með frekara aðhaldi í heilbrigðiskerfinu og með raunskerðingum á tekjutilfærslum. BSRB ítrekar áhyggjur sína af ófjármögnuðum skattalækkunum fyrri ára sem veikt hafa tekjugrunn hins opinbera. Í stað þess að styrkja tekjuöflun gerir fjármálaáætlunin ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs, í hlutfalli við VLF, lækki á tímabilinu og að þær fari úr því að nema 30,4% af VLF árið 2027 í 30,0% árið 2031. Eins og sjá má á mynd 3.11 á bls. 62 í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að samdrátturinn bitni verst á samneyslunni og fjárfestingum.

Mynd 3.11



Til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum er gerð krafa um flatan niðurskurð ásamt óutfærðum sértækum hagræðingaaðgerðum. Þá er það sett fram sem sjálfstætt markmið að fækka eigi ríkisstarfsmönnum um 1%. BSRB telur það í ætt við óttastjórn að gefnar séu út fyrirskipanir af hálfu fjármálaráðuneytisins um að fækka beri starfsfólki ríkisins sem sjálfstæðu markmiði. Það hlýtur að vera á verksviði forstöðumanna ríkisstofnana að meta hvernig hagræðingarkröfu verði best mætt þannig að hlutverk stofnana verði sem best rækt þrátt fyrir niðurskurð. Þessi fyrirskipun verður enn alvarlegri þegar hún er sett fram á sama tíma og frumvarp fjármálaráðherra um afnám áminningarskyldu ríkisstarfsmanna liggur fyrir þinginu. BSRB vill minna á að fjármálaráðherra fer með starfsmannamál ríkisins og ber ábyrgð á starfskjörum og starfsaðstæðum í samræmi við það. Það að ætla að skerða réttindi ríkisstarfsmanna einhliða og hóta þeim uppsögnum telst ekki mannauðsstjórnnum sem sæmir íslenska ríkinu.

Félagsfólk aðildarfélag BSRB starfar flest í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, velferðarþjónustu, löggæslu og stjórnsýslu. Þau þekkja allt of vel þau áhrif sem niðurskurður í ríkisrekstri hefur á starfsaðstæður, mönnum og fjárfestingu í búnaði og húsnæði sem víða er í slæmu ástandi. Þetta álag kemur m.a. fram í starfsmannaveltu og auknum veikindum. [Rannsókn](#) Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2022 um einkenni starfa, vinnuumhverfi og ástæður brotthvarfs af íslenskum vinnumarkaði sýnir sterk tengsl milli vinnuaðstæðna og veikinda. Alls höfðu 9% vinnandi fólks verið frá vinnu í tvo mánuði eða lengur vegna veikinda og 39% þeirra töldu veikindin tengjast vinnuaðstæðum. Konur og starfsfólk í svokölluðum kvennastéttum voru líklegri til langrar fjarveru vegna veikinda en karlar. [Rannsókn](#) TR sýnir að konur, sérstaklega á aldrinum 50–66 ára, eru

fjölmennasti hópur fólks á örorkulífeyri og að veikindi þeirra tengjast oft bæði erfiðum vinnuaðstæðum og félagslegri stöðu. Konurnar hafa gjarnan starfað í láglaunastörfum sem eru bæði andlega og líkamlega krefjandi, oft innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Konur eru 66% þeirra sem starfa hjá ríkinu og reiða sig í meira mæli á opinbera þjónustu og tekjutilfærslukerfin. Fjármál ríkisins er því í eðli sínu kynjuð. Í fjármálaáætlun kemur einmitt fram að hagræðingakröfur séu taldar geta aukið kynjamisrétti. BSRB telur á mælisvert að markmiðinu um hallalaus fjárlög eigi að ná á kostnað kynjajafnréttis og krefst þess að frá þessari stefnu verði snúið.

Fjárframlög eftir málefnasviðum

Í fjármálaáætlun eru upplýsingar um fjárveitingar innan málefnasviða takmarkaðar og því erfitt að átta sig á hvaða áhrif breytingar á fjárheimildum hafa á mismunandi málaflokkum. Þá vekur athygli að í sumum tilfellum eru útgjaldarammar ekki í takt við stefnu málefnasviða.

Sjúkrahúsþjónusta

Helsta áhersla á málefnasviði sjúkrahúsþjónustu er að efla mönnum í heilbrigðisþjónustu, jafna aðgengi óháð búsetu og auka gæðaeftirlit. Í stefnu málefnasviðsins er fjallað um áskoranir svo sem öldrun þjóðarinnar, verri geðheilsu, lífsstílstengda sjúkdóma og fólksfjölgun. Þörfin á heilbrigðisþjónustu er því að aukast en um þriðjungur af heildarútgjöldum ríkisins rennur til hennar. Ekki er að sjá að rými sé í útgjaldaramma til þess að takast á við þessar áskoranir.

Mannekla hefur á síðustu árum verið ein helsta áskorun heilbrigðisþjónustunnar og í þessari fjármálaáætlun er enn á ný lögð áhersla á að liður í að vinna gegn manneklu sé að laða að og halda í núverandi starfsfólk. BSRB bendir á að framkoma ríkisstjórnarinnar við ríkisstarfsmenn og þjóðfélagssumræða um opinbera starfsmenn, án mótbára frá stjórnvöldum, er ekki til þess fallin að bæta úr mönnun í heilbrigðisþjónustu.

Fram kemur að dregið hafi verið út hagræðingakröfu á heilbrigðiskerfið. Það er jákvætt en ekki er gerð tilraun til að meta hvort áætlaðar fjárheimildir dugi til að framfylgja stefnunni og tryggja viðunandi mönnun. BSRB telur að meira þurfi til og telur fráleitt að aukið fjármagn til heilbrigðismála sé á kostnað stofnframlaga til almenna íbúðakerfisins.

Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Undir málefnasvið heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa eru taldar upp helstu áskoranir; vaxandi þörf fyrir þjónustu, fjölgun ferðamanna; aukin krafa um færni og þekkingu starfsfólks og öldum þjóðarinnar. Mæta á áskonunum með aukinni fjárveitingu upp á 11 ma.kr. á tímabili fjármálaáætlunar og þar fer mest fyrir auknum framlögum til Sjúkratrygginga Íslands en þar undir heyra samningar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir og fyrirtæki. Ríkisendurskoðun kvað upp áfellið um starfsemi Sjúkratrygginga Íslands í skýrslu sinni um stofnunina sem samnings- eftirlitsaðila í júní 2025. Þar kemur fram að þarfagreiningu sé ábótavant, veikleikar

séu í samningagerð og að eftirlit sé í skötulíki. BSRB er mótfallið frekari útvistun heilbrigðisþjónustu til einkaaðila. Hlutverk hins opinbera er að halda uppi öflugu velferðarkerfi með framúrskarandi heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu og efnahag. Til að tryggja jöfnuð verður hið opinbera að fjármagna, skipuleggja og stýra heilbrigðiskerfinu.

Ekki verður betur séð en að gert sé ráð fyrir aukinni greiðsluþátttöku einstaklinga, að minnsta kosti er gert ráð fyrir breytingum á henni án þess að fram komi hvað felist í þeim breytingum. BSRB hafnar því að markmiðinu um hallalaus fjárlög verði náð á kostnað sjúklinga.

Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta

BSRB fagnar því að fjölga eigi hjúkrunarrýmum á tímabilinu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um mönnun og flæði sjúklinga á Landspítala sem kom út í júlí 2025 er þó benti á að áætlanir ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu hjúkrunarheimila þurfi að endurskoða því að fjölgunin sé langt í frá fullnægjandi. Ljóst sé að hjúkrunarrýmin, verði þau að veruleika, séu ekki nógu mörg til að liðka fyrir starfsemi Landspítala.

BSRB telur að ný hjúkrunarheimili eigi að vera í eigu og rekstri hins opinbera. Velji ríkisstjórnin að útvista starfseminni er mikilvægt að húsnæði stofnananna sé í eigu eða á forræði ríkisins þannig auðveldara sé að semja við nýja aðila um reksturinn og koma í veg fyrir einokunarstöðu eiganda húsnæðisins.

Húsnæðismál

Meginmarkmið á málefnasviði húsnæðis- og skipulagsmála er að „öllum sé tryggt öruggt og gott húsnæði og húsnæðiskostnaður sé viðráðanlegur.“ Fjármálaáætlun gerir hins vegar ráð fyrir að dregið verði úr stofnframlögum á árinu 2028 þrátt fyrir að fram komi í stefnu málefnasviðs að „jafnframt verði stutt við uppbyggingu almennra íbúða með hærri stofnframlögum ríkisins og með aðgerðum til að tryggja hentugar lóðir undir almennar íbúðir.“ Fjármögnun er ekki í takt við stefnu málefnasviðs.

Í aðdraganda kjarasamninga árið 2015 setti verkalýðshreyfingin uppbyggingu á nýju húsnæðiskerfi fyrir láglaunafólk á oddinn. Afraksturinn af þeirri baráttu var stofnun almenna íbúðakerfisins. Innan þess starfa óhagnaðardrífín leigufélög fyrir fólk með tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum. Til að leigan sé viðráðanleg veita ríki og sveitarfélög stofnframlög fyrir 30% af byggingarkostnaði (ríkið 18% og sveitarfélög 12%). Kerfið var lögfest árið 2016 og í árslok 2025 höfðu 4.000 íbúðir risið innan þess, flestar eru félagslegar íbúðir sveitarfélaga og námsmannabúðir, en einungis um 1.100 íbúðir eru sérstaklega ætlaðar láglaunafólki. Það svarar með engu móti þeirri þörf sem er til staðar og eru langtum færrar íbúðir en stjórnvöld hafa lofað. Ef þau loforð sem stjórnvöld hafa gefið í tengslum við kjarasamninga frá árinu 2015 hefðu gengið eftir væru nú 7.000 íbúðir í almenna íbúðakerfinu fyrir lágtekjufólk á vinnumarkaði. Þörfin fyrir almennar íbúðir er gríðarleg en tæpur helmingur leigjenda býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað sem þýðir að þau greiða yfir 40% af ráðstöfunartekjum í húsaleigu. Bjarg sem er í eigu ASÍ og BSRB er stærsta félagið innan almenna íbúðakerfisins og eina félagið sem byggir íbúðir fyrir launafólk. Skortur á almennum íbúðum fyrir launafólk

endurspeglast einnig í því að um 4.000 manns eru nú á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi. BSRB krefst þess að stjórnvöld taki hlutverk sitt í húsnæðismálum alvarlega og fjölgi stofnframlögum í stað þess að fækka þeim.

Óljóst er í hvernig þróun húsnæðisbóta til leigjenda er háttáð á tímabilinu. Mikilvægt er að tryggja að upphæðir húsnæðisbóta haldi verðgildi sínu og að tekjuskerðingarmörk fylgi launaþróun. Þá vill BSRB benda á að húsnæðisstuðningur til eigenda hefur á undanförunum árum færst frá beingreiðslum vegna vaxtabyrði, vaxtabóta, yfir í skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar. Slík breyting kann að vera skilvirk til skuldalækkunar hjá vinnandi heimilum með reglulegar tekjur, en síður markviss gagnvart þeim sem standa höllum fæti fjárhagslega. Það er umhugsunarefni hvernig húsnæðisstuðningur stjórnvalda í gegnum tilfærslukerfin hefur lækkað og færst yfir í úttekt á séreignarsparnaði vinnandi fólks, sem var hugsaður til ráðstöfunar fyrir þau þegar þau hefja töku lífeyris eftir að hafa lokið störfum sínum á vinnumarkaði síðar á ævinni. Skattaafslátturinn kemur ekki fram á útgjaldahlið húsnæðismála en mun til lengri tíma draga úr skatttekjum hins opinbera. Hafa ber í huga að skattaafslátturinn er veittur óháð eignum og tekjum.

Í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 2024 kom fram að setja ætti á fót nefnd sem væri m.a. ætlað að skoða fyrirkomulag húsnæðisstuðnings í nágrennalöndunum og gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi. Nefndin átti skila tillögum fyrir árslok 2024. Þessi vinna er enn ekki hafin og leggur BSRB ríka áherslu á að komið verði á húsnæðisstuðningskerfi sem styður við húsnæðisöryggi tekjulágra og þeirra sem eru með þunga framfærslubyrði.

Fjölskyldumál

Í stefnu málefnasviðsins kemur fram að Ísland eigi að verða fjölskylduvænna samfélag. Það skýtur því skökku við að útgjaldarammi málefnasviðs lækkar á tímabili áætlunar. Á næsta ári er gert ráð fyrir auknum útgjöldum en verða svo lægri en útgjöld ársins í ár út tímabil fjármálaáætlunarinnar.

Forsendur barnabóta hafa ekki verið uppfærðar á árinu og hafa bæturnar því lækkað að raunvirði auk þess sem færri foreldrar fá barnabætur vegna þess að tekjuskerðingarmörk hafa ekki þróast í takt við launaþróun. Jákvætt er að koma eigi þróun barnabóta í fastar skorður í því skyni að fjárhæðir haldi verðgildi sínu eins og talað er um í texta um stefnu málefnasviðs. Hins vegar þarf að halda áfram á þeirri braut að draga úr tekjuskerðingum og því ættu útgjöld til barnabóta að aukast en ekki dragast saman og tryggja verður að skerðingarmörk barnabóta fylgi launaþróun. Stefna BSRB er að barnabætur haldist óskertar upp að meðaltekjum. Á undanförunum árum hafa tekjutengingar leikskjólslagjalda orðið algengar hjá sveitarfélögum og þar af leiðandi hafa jaðarskattar á barnafjölskyldur aukist. Það er því enn brýnna en áður að tryggja almennar barnabætur til að tryggja afkomu og velferð barnafjölskyldna.

Jákvætt er að framlög til Fæðingarorlofssjóðs aukist en ekki er ljóst af texta áætlunarinnar hvort halda eigi áfram að hækka þakið á greiðslum. BSRB leggur áherslu á að það verði gert. Frá efnahagshruni hefur þakið verið mun lægra en það var árið 2008. Í kjölfar kjarasamninga vorið

2024 voru gerðar mikilvægar leiðréttingar á hámarksgreiðslum en enn er þónokkuð í land. Þá þarf að tryggja að hámarkið hækki árlega til samræmis við laun.

Vinumarkaður

Atvinnuleysi á Íslandi fer vaxandi vegna hægari takts í efnahag landsins. Þrátt fyrir það gerir fjármálaáætlun ráð fyrir að útgjöld dragist saman um samtals 7.600 m.kr. á árunum 2028-2029 vegna minna atvinnuleysis og breytinga á reglum og rekstri Atvinnuleysistryggingasjóðs. BSRB hefur mótmælt harðlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að stytta réttinn til atvinnuleysistrygginga um heilt ár og að lengja ávinnslutíma til réttinda. Þessi ákvörðun var tekin án samráðs við verkafólksáhrifinguna sem knúði þessi réttindi fram með mikilli baráttu. Verði þessi breyting að lögum mun hún bitna verst á ungu fólki og lágtekjufólki í sveiflukennendum atvinnugreinum eins og byggingariðnaði og ferðaþjónustu. BSRB hafnar því að fólk sem misst hefur atvinnuna sé látið axla ábyrgð á markmiðinu um hallalausán ríkissjóð.

Að lokum

BSRB mótmælir harðlega fordæmalausri aðför ríkisstjórnarinnar að réttindum launafólks með áformum um afnám áminningarskyldu. Fjármálaráðherra fer fyrir starfsmannamálum ríkisins og verður að axla tilskylda ábyrgð á mannauði ríkisins og þar með mannauðsstjórnun. Í fjármálaáætlun kemur fram að mannekla sé helsta áskorun heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og að leggja verði áherslu á að gera störf eftirsóknarverð og halda í starfsfólk þjónustunnar. Starfsfólk almannaþjónustunnar er mikilvægasta auðlind hennar. Of víða nær fjöldi starfsfólks ekki skilgreindri mannaflapörf vegna skorts á fjármagni eða af því að fólk fæst ekki til starfa. Af áætluninni að dæma er ekki verið að taka þessar áskoranir alvarlega. Hins vegar leitar fjármálaráðherra allra leiða til auðvelda uppsagnir ríkisstarfsmanna og boðar fækkun þeirra sem nemur rúmlega 200 stöðugildum á árinu 2027. BSRB fordæmir þessa stefnu ríkisstjórnarinnar.

BSRB mótmælir stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga eigi úr umfangi tekna og útgjalda ríkissjóðs sem hlutfalli af landsframleiðslu og fækka starfsfólki á sama tíma og þjónustubörf er að aukast og verða flóknari. Markmiðum ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög verður að ná með tekjuöflun en ekki með áframhaldandi fjársveldi mikilvægra stofnana og raunskerðingu tekjutilfærslna. Slík stefna dregur úr samtryggingu velferðarsamfélagsins. Öflug almannaþjónusta skapar verðmæti, frið og öryggi.

Fyrir hönd BSRB

Jana Eir Viglundsdóttir

Jana Eir Viglundsdóttir, hagfræðingur